

## Um LESFIMI

Lesfimiþjálfun, með áherslu á hraða og nákvæmni, hefur fengið mikið svigrúm í umræðunni undanfarið og verið sá þáttur lestrarkennslu sem kennarar finna sig hvað öruggasta í. Lesfimikennsla, og önnur formleg lestrarkennsla, hefur hins vegar ekki fengið mikið svigrúm í íslenskum skólum nema þá einna helst á yngsta stigi. Úr þessu þarf að bæta með markvissri beitingu kennsluaðferða sem efla lesfimi og þurfa kennarar að kunna skil á fjölbreyttum aðferðum til að gera kennsluna merkingarþæra fyrir nemendur og hjálpa þeim í átt að auknum árangri. Læsisvefurinn inniheldur mörg góð verkfæri til að efla lesfimikennslu og ekki ber að vanmeta aðferðirnar þrátt fyrir að þær virðist einfaldar og smáar í sniðum. Þetta eru aðferðir sem hafa reynst vel við lesfimiþjálfun og með því að nota margar aðferðir til skiptis er einnig hægt að gera lestrarnámið fjölbreytt og skemmtilegt. En aðeins að fræðunum.

„Lesfimi er færni sem byggir á nákvæmni, sjálfvirkni og hrynrænum þáttum tungumálsins (lestrarlag), en allir þessir þættir stuðla að auknum lesskilningi. Hún birtist í sjálfvirkum, fyrirhafnarlausum lestri sem lesinn er í viðeigandi hendingum og með réttu hljómfalli. Lesfimi er mikilvæg við upplestur og hljóðlestur og getur bæði takmarkað og stutt við lesskilning (Kuhn, Swanenflugel, Meisinger, 2010, bls. 240).“

Eftirfarandi lýsing á lesfimum lesara skýrir þetta enn betur:

Lesfimir lesarar ...

- eru færir um að þekkja orð nákvæmlega,
- bera kennsl á orð og setningar fyrirhafnarlaust,
- geta beint allri orku sinni að því að tileinka sér innihald texta,
- eru færir um að draga fram rétta merkingu texta með réttum áherslum,
- kunna líka að hafa áhrif á merkingu með því að breyta áherslum,
- hafa því góðan lesskilning ef málskilningur er góður (Rasinski, 2010, bls. 31-32).

Eins og fram kemur í skilgreiningunni felur lesfimin í sér þrjá þætti en sá síðasti er lestrarlagið eða hrynrænir þættir sem skiptast í rétt hljómfall og mótun hendinga við raddlestur. Nemandi getur ekki tileinkað sér gott lestrarlag nema lestrarferlið sé fullkomlega sjálfvirkt (hratt og nákvæmt) sem gerir það að verkum að hann getur gætt textann lífi og hann getur ekki lesið af innlifun öðruvísi en að hafa fullan skilning á því sem hann er að lesa. Þess vegna er fullkomlega fyrirhafnarlaus og sjálfvirk umskráning lykilatíði við lestur vegna mögulegra áhrifa á lesskilning.

### Lestrarlag

Þriðji þáttur lesfiminna er lestrarlagið en það birtist í réttu hljómfalli lestrar þar sem mótun hendinga og áherslur í texta eru eðlilegar út frá merkingu hans. Lesfimir lesari getur beitt áherslum við lestur texta til að hafa áhrif á merkingu hans allt eftir tilgangi lestrar hverju sinni og eftir því hver hlustar. Rannsóknir hafa sýnt fram á tengsl milli góðs lestrarlags og góðrar almennrar lestrarfærni (Benjamin og Swanenflugel, 2010) og einnig hefur verið sýnt fram á að nemendur sem búa yfir góðu lestrarlagi hafa að öllu jöfnu góðan lesskilning við hljóðlestur (Rasinski, Rikli og Johnston, 2009). Sömu rannsóknir hafa jafnframt sýnt að nemendur með slakt lestrarlag, þar sem lestur er ein-tóna og einkennist af mikilli fyrirhöfn við umskráningu, hafa slakan lesskilning við hljóðlestur. Þess

vegna er mjög mikilvægt að kennarar leggi ekki aðeins áherslu á leshraða og nákvæmni heldur þjálfmarkvisst gott lestrarlag til að auka líkur á góðum skilningi en góður lesskilningur er þó alltaf háður því að orð sé hluti af orðaforða nemandans. Það er gert með aðferðum endurtekens lestrar (hlítarlestrar). Með þessari aðferð er texti margsinnis endurlesinn þannig að orðmyndir verði kunnuglegar og lesaranum gefst færi á að kanna merkingu textans til hlítar. Þannig fær hann tækifæri til að móta hendingar og beita áherslum til að skila efni textans á skilmerkilegan hátt, bæði fyrir sjálfan sig og áheyrendur. Lykilatriði við þjálfun af þessu tagi er að hún hafi tilgang fyrir nemandanum og því er mikilvægt að þjálfunin fari fram t.d. undir formerkjum flutnings fyrir áheyrendur. Slíkur flutningur getur tekið á sig mjög fjölbreytta mynd, bæði út frá efni og miðlum og getur verið ákaflega mikilvægur og skemmtilegur hluti af markvissri lesfimiþjálfun. Hægt er að þjálfalestur margs konar texta og kanna þannig einkenni hvarrar textategundar fyrir sig (leikrit, samræður, útarpslestur, eintal, ljóð, söngtextar, ræður og margar gerðir samfellds texta svo sem fræðilegs texta, frásagna, smásagna, prósa, draugasagna, brandara, bréfa, skýrslna, dagbókarfærslna, leiðbeininga og svo mætti lengi telja). Þessi vinna fer öll fram í formi raddlestrar en talið er að raddlestur gefi sterkar vísbendingar um stöðu hljóðlestrar hjá nemendum. Raddlestur er eina leiðin fyrir kennara til að fá inn-sýn í stöðu lestrarferlisins hjá nemendum (Rasinski, 2010, bls. 43) en raddlestur gefur einnig sterkar vísbendingar um stöðu hljóðlestrar. Þjálfun af þessu tagi á ekki aðeins að fara fram á yngsta stigi grunnskólans heldur hefur slík þjálfun einnig mikið gildi fyrir lesfimi og lesskilning nemenda á mið- og unglingsstigi (Rasinski, Rikli og Johnston, 2009).

### Heimildaskrá

- Benjamin, R., og Schwanenflugel, P. J. (2010). Text complexity and oral reading prosody in young readers. *Reading Research Quarterly*, 45(4), 388–404.
- Helga Sigurmundsdóttir. (2011). Að þjálfalefimi? Í Steinunn Torfadóttir (ritstj.), *Leið til læsis: Handbók* (bls. 93–128). Reykjavík: Námsmatsstofnun og Háskóli Íslands.
- Kuhn, M. R., Schwanenflugel, P. J. og Meisinger, B. M. (2010). Aligning theory and assessment of reading fluency: Automaticity, prosody and definitions of fluency. *Reading Research Quarterly*, 45(2), 230–251.
- Pikulski, J. J., og Chard, D. J. (2005). Fluency: Bridge between decoding and reading comprehension. *The Reading Teacher*, 58(6), 510–519.
- Rasinski, T. V. (2010). *The fluent reader: Oral reading strategies for building word recognition, fluency and comprehension* (2. útgáfa). New York: Scholastic.
- Raskinski, T. V. (2012). Why reading fluency should be hot! *The Reading Teacher*, 65(8), 516–522.
- Raskinski, T. V., Rikli, A., og Johnston, S. (2009). Reading fluency: More than automaticity? More than a concern for the primary grades? *Literacy Research and Instruction*, 48(4), 350–361.